



Stjórnarfundur Þekkingarsetursins á Blönduósi haldinn fimmtudaginn 10. desember 2015, kl. 10:00.

Dagskrá:

1. Staða mála.
2. Styrkjaumhverfi rannsóknar- og þekkingarsetra.
3. Starfs- og fjárhagsáætlun 2016.
4. Önnur mál.

Arnar setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Mætt eru Arnar Þór Sævarsson, Valgarð Hilmarsson, Berglind Björnsdóttir, Katharina Schneider og Þóra Sverrisdóttir sem ritar fundargerð.

1. Katharina skýrði frá því sem er um að vera. Mikið er um fjarpróf núna í námsveri. Melody er komin til að aðstoða í mánuð við styrkumsóknir við uppbyggingu listamiðstöðvar og nám því tengt. Hugmyndir hafa komið upp um möguleika á langtímadvöl. Hugmyndir komu um að eiga myndefni um listamiðstöðina og var tekin ákvörðun um að fá kvikmyndatökumann í það í tvær vikur og er hann að störfum.
2. Styrkjaumhverfi þekkingarsetra er erfitt og flókið og var það rætt á ársfundi þekkingarsetra í haust. Í framhaldi af því stendur til að þekkingarsetrin sendi bréf til ráðuneytisins með ábendingum um úrbætur varðandi þau mál. Stjórnin samþykkir að senda bréf eftir áramót.

Valgarður yfirlit fundinn.

3. Katharina fór yfir drög að starfs- og fjárhagsáætlun 2016. Rætt var um að undirbúa þurfi að Húnaflóaverkefnið geti farið af stað. Einnig að efla tengsl við grunnskólana á svæðinu. Þrjónagleði er fyrirhuguð 10.-12. júní sem er þrjónahátíð, Þekkingarsetrið verður samstarfsaðili að þeirri hátíð.
4. Verið er að leggja Laxasetrið niður og því þarf að breyta samþykktum Þekkingarsetursins á næsta ársfundi en Laxasetrið er einn af stofnaðilum setursins. Athuga þarf hvort Minjastofur hafi áhuga á samstarfi við Þekkingarsetrið. Arnar skýrði frá því að útlit er fyrir að 20 milljónir kr. fái frá ríkinu á næsta ári til áframhaldandi viðhalds á byggingum á kvennaskólalóðinni og er fyrirhugað að fjármagnið verði sett í „kennaraþúðirnar“.

Fleira ekki gert, fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 11:30.

Þóra Sverrisdóttir